
ORLOFSBLAÐ

Orlofssjóður BHM • Janúar 2018 • 30. árgangur



Orlofssjóður
BHM




Útgefandi: Orlofssjóður Bandalags háskólamanna

Ábyrgðarmaður: Erna Guðmundsdóttir,
framkvæmdastjóri BHM

Forsíðumynd: Myndina tók Hákon Gunnarsson.
Hún hlaut fyrstu verðlaun í ljósmyndasamkeppni
OBHM 2017. Aðrar myndir sem hlutu verðlaun í
keppninni má sjá á bls. 7.

Útlit: Dynamo Reykjavík

Prentvinnsla: Oddi umhverfsvottað fyrirtæki 

Upplag: 13.500 eintök

Skrifstofa Bandalags háskólamanna

Borgartúni 6

105 Reykjavík

Sími: 595 5100

Fax: 595 5101

Netfang: sjodir@bhm.is

Vefur BHM: www.bhm.is

Vefur OBHM: https://bhm.fritimi.is

Þjónustuver BHM er opið virka daga milli kl. 9:00
og 16:00



Fylgið okkur á Facebook



EFNISYFIRLIT

Leiðari formanns	3
Úthlutun	4
Hagnýtar upplýsingar.	6
Ljósmyndasamkeppni OBHM árið 2017.	7
Vesturland	8
Vestfirðir	10
Rit um sögu OBHM fyrstu 42 árin.	12
Norðurland	13
Austurland	16
Nýjar samþykktir Orlofssjóðs.	17
Suðurland.	18
Höfuðborgarsvæðið.	24
Útlönd	26
Aðbúnaður	30

LEIÐARI FORMANNS

Ágætu sjóðfélagar

Orlofssjóður BHM býður upp á marga orlofskosti nú sem endra nær bæði í formi orlofsdvalar og niðurgreiðslu á ýmisskonar afþreyingu fyrir sjóðfélaga. Er þessum kostum öllum gerð góð skil hér í blaðinu. Í sumar mun sjóðurinn bjóða upp á 82 hús eða íbúðir innanlands og 7 erlendis. Fjöldi vikna sem standa til boða næsta sumar eru 989 innanlands og 102 erlendis. Það er aukning frá framboði síðasta sumars. Sérstök athygli er vakin á að nýir orlofskostir eru m.a. í boði í Stykkishólmi, Stóruvík, Vestmannaeyjum, Tálknafirði og Torrevieja á Spáni. Sem dæmi um þá afþreyingu sem að einhverju leyti er niðurgreidd af sjóðnum fyrir sjóðfélaga má nefna Veidíkortið, Útilegukortið, og gistingu á hótelum innanlands. Þá er einnig hægt að kaupa, á niðurgreiddu verði, gjafabréf hjá ferðafélögnum Útivist og Ferðafélagi Íslands og flugfélögnum Air Iceland Connect, Icelandair, Flugfélaginu Erni og WOW air.

Vert er að geta þess að á síðasta ári var lokið við að gera upp fjögur A-hús í Brekkuskógi til viðbótar við þau fimm sem voru í notkun á síðasta ári. Góður rómur hefur verið gerður að endurbótunum og eru húsin vinsæl til leigu allt árið. Í Brekkuskógi hefur verið lokið við að leggja bundið slitlag á vegi og bætt hefur verið við upplýsingaskiltum á svæðinu. Þá er þar nú í byggingu áhaldahús sem staðsett er á móti þjónustumiðstöðinni og er ráðgert að það verði tekið í notkun í byrjun júní á þessu ári. Nú er unnið að endurnýjun á einu húsi sjóðsins í Aðaldal og lagfæringar á baði í öðru. Einnig er ráðgert að endurnýja húsgögn í eldhúsi og stofu í öllum húsum sjóðsins þar fyrir sumarið. Í febrúar munu endurbætur á eignum sjóðsins í Reykjavík fara fram.

Allir sem hug hafa á að nýta orlofskosti að sumar eru hvattir til að sækja um úthlutun. Vakin er sérstök athygli á að alltaf er töluverð hreyfing á þeim orlofskostum sem bjóðast eftir að úthlutun er lokið og geta þeir, sem hafa sent inn umsókn fyrir tímabilið, bókað þá orlofskosti sem losna á undan öðrum sjóðfélögum sem ekki sóttu um það árið. Þá er enn í gildi það fyrirkomulag við sumarúthlutun orlofshúsa að eitt hús í Aðaldal, Brekkuskógi, Hraunvéum og Miðhúsum er undanskilið úthlutun. Mun punktafjöldi því ekki hafa áhrif á möguleika sjóðfélaga til að fá þessi hús heldur ræður þar reglan „fyrstur bókar, fyrstur fær“. Þess er vænst að þetta fyrirkomulag auki möguleika þeirra sem eiga fáa punkta til að fá orlofshús að sumarlagi. Nú sem

endranær eru allir sjóðfélagar hvattir til að skrá sig á póstlista sjóðsins á Bókunarvefnum <https://bhm.fritimi.is> og velja póstlistann og fylgja facebook-síðu sjóðsins (Orlofssjóður BHM). Með því er tryggt að allar nýjustu upplýsingar um laus hús berist hratt og örugglega.



Sjóðfélagar eru einnig eindregið hvattir til að taka þátt í reglulegri viðhorfskönnun sjóðsins sem fram mun fara í haust. Viðbrögð, ábendingar og niðurstaða þeirrar könnunar eru stjórn sjóðsins mikilvægt leiðarljós í stefnumótun sjóðsins og verða lagðar til grundvallar í starfsemi sjóðsins næstu tvö ár. Margvíslegar breytingar á starfsemi sjóðsins eiga rætur að rekja til viðhorfskannana sjóðsins eins og fjölgun gæludýrahúsa, stærð nýbygginga, endurnýjun A-húsa og kaup á gasgrillum svo fátt eitt sé nefnt.

Vakin er athygli á að sú nýbreytni verður á þjónustu við sjóðfélaga á árinu að þjónusta BHM verður framvegis í gegnum nýstofnað þjónustuver bandalagsins. Markmiðið með stofnun þjónustuversins er m.a. að samræma þjónustu við sjóðfélaga og tryggja skilvirkni hennar og gæði. Þannig munu sjóðfélagar geta haft samband við þjónustuverið gegnum síma, netspjall, tölvupóst eða með því að mæta á þriðju hæð í Borgartúni 6 á opnunartíma. Þá er á döfnni áframhaldandi vinna við að gera orlofsvefinn sem auðveldastan í notkun fyrir sjóðfélaga.

Að lokum er mildilega minnt á að góð umgengi um leigukostina okkar kemur okkur öllum til góða. Þá er rétt að árétt að mikilvægt er að orlofsgestir hugi sérstaklega vel að öryggi barna á hverjum stað fyrir sig þar sem aðstæður eru mismunandi eftir orlofskostum.

Með ósk um ánægjulegt orlof

*Eyþóra Kristín Geirsdóttir
formaður stjórnar OBHM*

Stjórn OBHM.

*Efri röð frá vinstri:
Helga Kolbeinsdóttir (FRG), Hanna Dóra Másdóttir (FHSS),
Baldvin Zarióh (FH) og
Björn Bjarnason (KVH).
Nedri röð frá vinstri:
Gerður Pálsdóttir (PÍ), Eyþóra Kristín Geirsdóttir (SL),
formaður stjórnar, og
Lilja Grétarsdóttir (FÍN).*

ÚTHLUTUN

Orlofssjóður BHM kynnir orlofskosti sjóðsins 2018. Í boði er 1.091 vika, þar af 989 innanlands í 82 orlofshúsum/íbúðum og 102 erlendis í 7 orlofshúsum/íbúðum. Á vef sjóðsins (<https://bhm.fritimi.is>) má finna allar upplýsingar um orlofskosti og rafrænt umsóknarform. Opnað hefur verið fyrir umsóknir um páskaleigu innanlands og sumarleigu erlendis. Opnað verður fyrir umsóknir um sumarleigu innanlands 1. febrúar. nk.

Úthlutun og punktar

Úthlutun vegna páska- og sumarleigu fer eftir punktastöðu félagsmanna, því fleiri punktar því meiri möguleikar á úthlutun. Sjóðfélagar ávinna sér 48 punkta á ári eða 4 punkta fyrir hvern mánuð sem greitt er í sjóðinn. Hægt er að sjá punktastöðu sína á bókunarvefnum.

150 punktar dragast af inneign við páska- og sumarúthlutun innanlands sem utan. Á öðrum tíma dragast 35 punktar af úthlutun erlendis en engir af úthlutun innanlands.

Niðurstöður liggja fyrir örfáum dögum eftir að umsóknarfresti lýkur og eru sendar í tölvupósti ásamt greiðsluupplýsingum á það netfang sem gefið er upp á umsókn.

En ef ég er ...

• í fæðingarorlofi

Sjóðfélagar halda óskertum réttindum í fæðingarorlofi með því að greiða stéttarfélagsgjald af greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði.

• atvinnuleitandi/í námsleyfi

Þú getur óskað eftir að greiða árgjald í orlofssjóðinn og haldið fullum réttindum í sjóðnum. Gjaldið er nú kr. 3.000.

• öryrki

Þú getur óskað eftir að greiða árgjald í orlofssjóðinn og haldið fullum réttindum í sjóðnum. Gjaldið er nú kr. 3.000.

• lífeyrisþegi

Lífeyrisþegar geta gegn greiðslu ævigjalds haldið réttindum í sjóðnum ævilangt. Þetta miðast við að viðkomandi hafi notið fullra réttinda í sjóðnum við starfslok. Gjaldið er nú kr. 18.518.

Vetrarleiga

Yfir vetrartímann er hægt að leigja:

- Öll húsin í Brekkuskógi
- Öll húsin við Hreðavatn
- Eina íbúð á Akureyri
- Þrjú hús í Hlíðarfjalli
- Þrjár íbúðir í Reykjavík
- Íbúð í Stykkishólmi
- Tvö hús í Miðhúsum við Egilsstaði
- Eitt hús á Blönduósi

Nýr mánuður í vetrarleigu er alltaf settur inn á bókunarvef kl. 9 að morgni 15. hvers mánaðar nema þegar 15. ber upp á helgi eða frídag þá opnast fyrir bókanir á fyrsta virka degi á eftir. Bókanir fyrir orlofshús/íbúðir í september hefjast 15. júní, fyrir október 15. júlí o.s.frv.

Páskaleiga

Úthlutunartímabilið er frá 28. mars til 4. apríl (vika). Umsóknarfrestur er til miðnætis 1. mars. Sjóðfélagar sem fá úthlutað um páska hafa viku til að ganga frá greiðslu. Eftir það opnast bókunarvefur í eina viku, þeim sem sóttu um en fengu ekki úthlutað og þeim sem greiddu ekki á réttum tíma.

Lausar íbúðir um páska verða settar á bókunarvefinn 16. mars.

Sumarleiga

Hægt er að sækja um 10 staði og skila þeir sér í forgangs röð, það sem fyrst er valið telst vera fyrsti kostur og svo framvegis.

Innanlands: Úthlutunartímabilið er frá 15. júní til og með 24. ágúst (10 vikur). Umsóknarfrestur er til miðnættis 2. apríl.

Útlönd: Úthlutunartímabilið er frá 5. maí til og með 25. september. Umsóknarfrestur er til miðnættis 15. febrúar.

Sjóðfélagar sem fá úthlutað íbúð í sumarleigu hafa tvær vikur til að ganga frá greiðslu. Eftir það opnast bókunarfefur í eina viku þeim sem sóttu um en fengu ekki úthlutað og þeim sem greiddu ekki á réttum tíma.

Laus sumarhús innanlands verða sett á bókunarfef 23. apríl kl. 9:00. Þær vikur sem losna eru settar jafnóðum á bókunarfef.

Lausar íbúðir erlendis verða settar á bókunarfef 8. mars kl. 9:00.

Biðlistar

Ekki er hægt að skrá sig á biðlista eftir orlofshúsum.

Allir mega sækja um

Allir sjóðfélagar Orlofssjóðs BHM eiga rétt á að sækja um þá orlofskosti sem í boði eru hverju sinni. Punktæign hefur ekki áhrif á þann rétt. Hins vegar hefur punktæign áhrif á möguleika sjóðfélaga til að fá úthlutað. Hver sjóðfélagi getur sótt um allt að 10 tímabil (mismunandi dagsetningar).

Þeir sem fá synjun

Ef sjóðfélagi sem fær úthlutun greiðir ekki leigugjald innan tilskilins tímafrests er viðkomandi orlofskostur laus. Þá geta þeir einir bókað sem sóttu um og var synjað eða gleymdu að borga úthlutun.

Ef vandamál koma upp

Endilega hafið samband við umsjónarmann húss ef vandamál koma upp eða eitthvað gleymist í húsunum. Símanúmer umsjónarmanns er á greiðslukvittuninni.

Ef leigjandi kemur að bústað óhreinum skal strax hafa samband við umsjónarmann og helst taka myndir.

Kvittanir má nálgast á bókunarfefnum

Sjóðfélagi getur nálgast allar kvittanir á vefsvæði sínu á bókunarfefnum.

Númerið á lykklaskápnnum

Á kvittunum sem hægt er að nálgast á bókunarfefnum er númer sem notað er til að komast í lykil að viðkomandi orlofshúsi. Hann er í lykklaskáp sem er staðsettur við útidyr hússins. Ekki er sendur út tölvupóstur með þessu númeri.

Gæludýr

Við biðjum gesti um að virða reglur varðandi gæludýr í orlofshúsum og minnum á að lausaganga hunda er stranglega bönnuð. Gæludýraeigendum er bent á að hafa meðferðis matarskál og undirlag fyrir dýrið til að liggja á.

Gæludýrahús – vetrarleiga. Í boði eru:

- Tvö hús á Hreðavatni.
- Fimm hús í Brekkuskógi, fjögur A-hús og eitt F4 hús.
- Eitt hús í Hlíðarfjalli

Gæludýrahús – sumarleiga. Í boði eru:

- Eitt hús á Blönduósi
- Tvö hús á Hreðavatni
- Fjögur A-hús í Brekkuskógi
- Nýja F4-húsið í Brekkuskógi
- Tvö hús á Blönduósi
- Eitt hús á Apavatni
- Eitt hús í Hlíðarfjalli
- Eitt hús í Stykkishólmi



Brýnt er að gestir í orlofshúsum loki útidyrum á meðan verið er að bera inn dót og hafi þær ekki opnar á meðan heiti potturinn er notaður vegna hættu á að mýs komist inn í húsin.

Gott aðgengi fyrir hjólastól

- Eitt hús í Brekkuskógi
- Tvö hús í Hlíðarfjalli
- Íbúð við Skólaveg í Vestmannaeyjum

Að gefnu tilefni

Orlofssjóðurinn biður sjóðfélaga vinsamlegast um að virða og fara eftir þeim gestafjölda sem upp er gefinn.

Aðstaða fyrir tjöld og vagna við sumarhús

Almenna reglan er að ekki er leyfilegt að setja upp tjöld, vagna eða fellihýsi við sumarhús, nema samið hafi verið við umsjónarmann áður.

Óskilamunir

Orlofsgestir eru hvattir til að fara vel yfir húsin við brottför. Óskilamunum skal koma til umsjónarmanns eða á skrifstofu sjóðsins Borgartúni 6 þar sem hægt er að vitja þeirra.

Það sem fylgir húsunum

Flest orlofshús OBHM innanlands eru með svipuðum búnaði en lista yfir búnað er að finna aftast í blaðinu. Yfirleitt er svefnpláss fyrir sex til átta manns og borðbúnaður er oftast fyrir átta sem og sængur og koddar. Öll venjuleg eldhúshöld eru staðar, ísskápur og eldavel. Sturta í baðherbergi. Barnastóll og barnarúm, sjónvarp, útvarp og útigrill eru í öllum húsum. Almenn ættu sumarhúsagestir að hafa með sér handsápu, handklæði og diskapurkur. Lín utan um sængur þarf að hafa með sér en hægt er að leigja það í Brekkuskógi og kostar eitt sett af rúmfatnaði frá kr. 1.000 og handklæðið frá kr. 500. Efni og áhöld til þrifa er að finna í öllum húsum, þ.e. uppþvottabursti, gólfþvegill, kústur, gólfþápa, wc-hreinsir, grófur svampur eða tuska og þvottalögur.

Umgengni lýsir innri manni

Ef ekki er þrifið nægilega vel að mati umsjónarmanns þarf að greiða staðlað þrifagjald sem er 15.000 kr. en hærra ef vanhöld á þrifum eru sérstök og útheimta meiri útgjöld. Leigutaki ber ábyrgð á húsinu og öllu því sem fylgir. Skal hann þrifa m.a. ísskáp, eldavel og ofn, skápa, salerni og

grill. Einnig ber að þurrka af og skúra gólf, loka gluggum og hurðum vandlega. Sjóðfélagi má ekki framselja öðrum leigurétt eða leyfa öðrum að leigja í sínu nafni.

Munið að umgengni lýsir innri manni og gangið frá húsunum eins og þið viljið koma að þeim. Orlofshúsin eru sameign sjóðfélaga og því mikilvægt að vel sé gengið um þau!

Verði sjóðfélagi ítrekað uppvís að slæmri umgengni eða öðru broti á reglum, áskilur stjórn sér rétt til að hafna umsóknum viðkomandi í allt að tvö ár.

Hafi leigutaki einhverjar athugasemdir eða ef eitthvað vantar í húsin þá vinsamlegast látið umsjónarmann á viðkomandi stað vita. Einnig er hægt að hafa samband við þjónustuver BHM á skrifstofutíma (sjodir@bhm.is).

Umhverfi orlofshúsa

Nokkur brögð hafa verið að því að orlofsgestir aki göngustíga upp að orlofshúsum. Eru það vinsamleg tilmæli til þeirra sem dvelja í orlofshúsum á vegum OBHM að þeir leggi bifreiðum sínum á þar til gerðum bílastæðum. Væntanlega er um athugunarleysi að ræða því oftast munar þetta örfáum metrum sem ganga þarf að húsunum. Það hlýtur að vera hagur okkar allra að halda umhverfi orlofshúsanna óspjölluðu og í góðu lagi orlofsgestum til yndisauka.

Búið er að setja upp tengla við hvert orlofshús á bókunarvefnum sem sýna loftmynd af svæðinu þar sem orlofshúsin eru, hvernig veðurspáin lítur út og hvað er á döfinni á svæðinu.

HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

Bókunarvefur Orlofssjóðsins

Aðgangur að bókunarvef fæst með rafrænum skilríkjum eða kennitölu og Íslykli.

Ef þú hefur gleymt eða glatað Íslyklinum þínum getur þú sótt um nýjan á innskráningarsíðunni og fengið hann sendan í heimabanka eða í pósti á lögheimili.

Hægt er að skoða, án innskráningar á bókunarvef, hvað er laust til bókunar.

Flakkari – fyrstur bókar fyrstur fær

Flakkaranum er ætlað að auka möguleika þeirra sem eiga fáa punkta til að fá orlofshús að sumri. Þetta virkar þannig að einu húsi í hverjum landshluta er haldið frá og unnt er að leigja það eina viku.

Húsin eru í Aðaldal, Brekkuskógi, Hraunvéum og Miðhúsum.

Flakkarinn tekur ekki mið af punktaeign umsækjanda. Allir sjóðfélagar geta bókað þessi hús frá og með 23. apríl kl. 9:00.

Fyrir dvöl í Aðaldal, Hraunvéum og Miðhúsum eru greiddar kr. 29.200 og 150 punktar teknir. Fyrir dvöl í Brekkuskógi eru greiddar kr. 23.500 og 150 punktar teknir.

Í boði fyrir sjóðfélaga

Gerðir hafa verið samningar við nokkur leiðandi þjónustufyrirtæki á ferðamarkaði og njóta sjóðfélagar góðs af því.

• Laugarvatn Fontana

Sjóðfélögum býðst tveir fyrir einn af almennu gjaldi.

• Gjafabréf hjá Útivist

Gjafabréf sem gilda í ferðir sem auglýstar eru í ferðaáætlun. Ferðir bókast hjá Útivist í síma 562 1000 sjá nánar á www.utivist.is.

• Gjafabréf hjá Ferðafélagi Íslands

Gjafabréf gilda í ferðir sem auglýstar eru í ferðaáætlun Ferðafélagsins. Ferðir bókast hjá Ferðafélaginu í síma 568 2533, sjá nánar á www.fi.is.

• Gjafabréf í flug

Sjóðfélögum býðst að kaupa gjafabréf/flugsæti í flug hjá Icelandair, WOW air, Air Iceland Connect og Flugfélaginu Erni (flugsæti) á bókunarvef OBHM.

• Veidikortið og Útilegukortið

Sjóðfélögum býðst að kaupa kortin á bókunarvef OBHM.

• Afsláttur af gistingu

Sjóðfélagar geta keypt afsláttarmiða í gistingu sem hægt er að nýta til greiðslu á fjölmörgum hótélum innanlands.

Sjá nánari upplýsingar um það sem í boði er á bókunarvef OBHM (<https://bhm.fritimi.is>).

LJÓSMYNDASAMKEPPNI OBHM ÁRIÐ 2017



Stjórn OBHM þakkar öllum þeim sem tóku þátt í ljósmyndasamkeppni sjóðsins 2017. Alls bárust 103 myndir í keppnina og þar af ákvað stjórnin að verðlauna þrjár. Myndina sem hlaut 1. verðlaun tók Hákon Gunnarsson og þrýðir hún forsiðu blaðsins. Myndirnar hér til hliðar hlutu sameiginlega 2.–3. verðlaun. Myndina vinstra megin tók Birna Guðrún Baldursdóttir en myndina hægra megin tók Fjóla Guðmundsdóttir.



VESTURLAND

Listi yfir búnað í orlofshúsum	Fjöldi húsa	m ²	Svefn-herb.	Svefn-loft	Svefn-pláss	Fjöldi sænga	Ör-bylgju-ofn	Upp-þvotta-vél	Þvotta-vél	Grill	Heitur pottur
Hvalfjarðarsveit Hafnarás 5	1	94	3	nei	6-8	8	já	nei	nei	gas	nei
Hreðavatn v/Bifröst	4	52	3	nei	6-8	6	já	já	nei	gas	já
Hreðavatn v/Bifröst nr. 22	1	52	3	nei	6-8	6	já	já	nei	gas	já
Hreðavatn v/Bifröst nr. 10	1	89	3	nei	8	8	já	já	nei	gas	já
Stykkish. Laufásvegur 21	1	67	3	2 hæðir	7	7	já	já	nei	gas	nei
NYTT Stykkish. Reitarvegur 2	1	65	2	nei	6-8	8	já	nei	já	kola	nei

Skiptidagar eru föstudagar. Nettenging er í orlofshúsum við Hreðavatn. Nettenging er hvorki í Hafnarseli né Stykkishólmi. Gæluðyr velkomin í hús nr. 10 og 22 við Hreðavatn og á Reitarvegi í Stykkishólmi.



HVALFJARÐARSVEIT HAFNARSELI

Húsið nr. 5 er í skipulögðu sumarhúsa hverfi norðan við Hafnarás í Hvalfjarðarsveit.

- *Leigutími: 8/6 – 31/8 2018*
- *Vikudvöl: kr. 29.200*



HREÐAVATN V/BIFRÖST – Hús nr. 22-24 og 29

Húsin eru í landi Hraunvéa. Veðið leyfi í Hreðavatni fylgir með í leigu að sumri. Gæludýr eru velkomin í hús nr. 22.

- *Leigutími er allt árið*
- *Vikudvöl: kr. 29.200*



HREÐAVATN V/BIFRÖST – Hús nr. 10

Húsið er í landi Hraunvéa. Veðið leyfi í Hreðavatni fylgir með í leigu að sumri. Gæludýr eru velkomin í hús nr. 10.

- *Leigutími er allt árið*
- *Vikudvöl: kr. 40.700*



STYKKISHÓLMUR LAUFÁSVEGUR 21

Íbúðin er í raðhúsalengju.

- *Leigutími er allt árið*
- *Vikudvöl: kr. 36.700*




STYKKISHÓLMUR REITARVEGUR 2

Hús með góðu útsýni yfir sjóinn. Gæludýr eru velkomin.

- *Leigutími: 1/5 – 30/9 2018*
- *Vikudvöl: kr. 36.700*

NÝTT



VESTFIRÐIR

Listi yfir búnað í orlofshúsum	Fjöldi húsa	m ²	Svefn-herb.	Svefn-loft	Svefn-pláss	Fjöldi sænga	Ör-bylgju-ofn	Upp-þvotta-vél	Þvotta-vél	Grill	Heitur pottur
Barðaströnd Flókalundur	1	42	2	nei	6-7	6	já	nei	nei	gas	nei
Þingeyri Aðalstræti 22	1	110	3	2 hæðir	6	6	nei	nei	Já	kola	nei
Þingeyri Vallargata 18	1	98	2	nei	4-6	8	já	nei	já	kola	nei
Dýrafjörður Ketilseyri	1	158	4	nei	8	8	já	já	já	gas	já
Súðavík Túngata 14	1	122	4	nei	8	8	nei	já	já	gas	já
NYTT Hólmavík Höfðagata 13	1	115	4	2 hæðir	10	10	já	nei	nei	gas	nei
NYTT Tálknafj. Kirkjubraut 4 og 6	2	78	2-3	já	7	7	nei	já	nei	gas	nei

Skiptidagar eru föstudagar. Nettenging er á Ísafirði og í Flókalundi.



BARÐASTRÖND FLÓKALUNDUR

Hús nr. 13.

- *Leigutími: 8/6 – 7/9 2018*
- *Vikuvöl: kr. 29.200*



ÞINGEYRI AÐALSTRÆTI 22

Einbýlishús á tveimur hæðum.

- *Leigutími: 15/6 – 31/8 2018*
- *Vikuvöl: kr. 36.700*



ÞINGEYRI VALLARGATA 18

Raðhús á einni hæð.

- *Leigutími: 15/6 – 31/8 2018*
- *Vikuvöl: kr. 36.700*



DÝRAFJÖRÐUR KETILSEYRI

Einbýlishús á einni hæð.

- *Leigutími: 15/6 – 22/6 og
29/6 – 31/8 2018*
- *Vikuvöl: kr. 36.700*



SÚÐAVÍK TÚNGATA 14

Einbýlishús á einni hæð.

- *Leigutími: 8/6 – 31/8 2018*
- *Vikuvöl: kr. 36.700*



HÓLMAVÍK HÖFÐAGATA 13

Húsið stendur neðst í bænum við smábátahöfnina.

- *Leigutími: 15/6 – 27/7 og
3/8 – 31/8 2018*
- *Vikuvöl: kr. 36.700*

NÝTT



NÝTT

TÁLKNAFJÖRÐUR KIRKJUBRAUT 4 og 6

Tvö hús í útjadhri bæjarins, stutt í fallegar náttúruperlur.

- *Leigutími: 1/6 – 31/8 2018*
- *Vikudvöl: kr. 36.700*

RIT UM SÖGU OBHM FYRSTU 42 ÁRIN


Á síðasta ári voru liðin 40 ár frá því að Orlofssjóður BHM hóf uppbyggingu orlofshúsaþbyggðar í Brekkuskógi í Biskupstungum en fyrstu húsin voru reist þar árið 1977. Nú eru þar samtals 32 orlofshús, þjónustumiðstöð og margvísleg þjónusta fyrir sjóðfélaga. Í tilefni af þessum tímamótum ákvað stjórn OBHM að láta taka saman yfirlit um sögu sjóðsins og var Friðriki G. Olgeirssyni sagnfræðingi falið að vinna verkið. Afraksturinn er ritið *OBHM – Saga Orlofssjóðs Bandalags háskólamanna 1974–2016*. Ritið er samtals 54 blaðsíður í A4-broti og er prýtt fjölda mynda, auk þess sem þar má finna ýmsan tölulegan fróðleik um starfsemi sjóðsins á tímabilinu.

Hér á eftir fer brot úr einum kafla ritsins þar sem fjallað er um upphaf framkvæmda í Brekkuskógi:

„OBHM byrjaði að byggja fyrstu fjögur orlofshúsin á landareigninni vorið 1977 og var samið við fyrirtækið Þak hf. um smíði þeirra.

Heiðar Elimars teiknaði húsin sem voru 46 fermetrar að stærð með 25 fermetra svefnlofti og voru þau öll orðin foheld um haustið. Jafnframt var unnið að vegagerð, vatns- og rafmagnslögnum. Skoðanakönnun hafði sýnt að félagar BHM vildu frekar að byggð yrðu sumarhús um land allt en risabyggð í Brekkuskógi og því var ákveðið að byggja þar ekki fleiri en 16 hús og snúa sér svo að öðrum svæðum. Miðvikudaginn 19. apríl 1978 fóru orlofsnefnd og stjórn BHM í opunarferð í Brekkuskóg og þá voru fyrstu fjögur húsin tekin í notkun og leigð félagsmönnum.

Sumarið 1978 voru reist tvö hús á vegum OBHM og Lögmannafélag Íslands, sem þá átti aðild að BHM, byggði eitt hús á orlofssvæðinu, hús númer 10. Það gerðu líka Orlofssjóður lækna, sem Læknafélag Íslands og Læknafélag Reykjavíkur áttu aðild að, og Félag menntaskólakennara og Félag háskólamenntaðra kennara sem sameinuðust seinna og hétu þá Hið íslenska kennarafélag, HÍK. Orlofssjóður lækna byggði raunar tvö hús, númer 2 og 9, og kennarafélagin byggðu í sameiningu hús númer 1. Þessir fjórir aðilar gerðu samninga við OBHM um þátttöku í sameiginlegum kostnaði á svæðinu og forkaupsrétt sjóðsins að húsunum ef til sölu kæmi í framtíðinni. Haustið 1978 voru húsin í Brekkuskógi orðin tíu, sex í eigu OBHM og fjögur í eigu félaga sem aðild áttu að Bandalagi háskólamanna og eða orlofssjóðnum.“ (Friðrik G. Olgeirsson: *OBHM – Saga Orlofssjóðs Bandalags háskólamanna 1974–2016*, bls. 20).





NORÐURLAND

Listi yfir búnað í orlofshúsum	Fjöldi húsa	m ²	Svefn-herb.	Svefn-loft	Svefn-pláss	Fjöldi sænga	Ör-bylgju-ofn	Upp-þvotta-vél	Þvotta-vél	Grill	Heitur pottur
Blönduós Brautarhvammur	2	56	2	nei	6-8	8	já	nei	já	gas	já
Hólar í Hjaltadal	1	98	3	nei	7	7	nei	nei	nei	nei	nei
Hólar í Hjaltadal	1	78	2	nei	4-6	6	nei	nei	nei	nei	nei
Hraun í Öxnadal	1	115	3	já	6-8	8	nei	já	já	kol	nei
Ólafsfjörður Þverá nr. 9	1	100	2	nei	6-8	6	já	nei	nei	gas	já
Ólafsfjörður Þverá nr. 7	1	60	2	nei	8	8	já	nei	nei	gas	já
Svarfaðardalur Laugasteinn	1	110	3	nei	6-8	6	já	já	já	gas	nei
Hrísey Berg	1	86	3	nei	8	8	já	já	nei	gas	nei
Akureyri Hrafnagilsstræti	1	83	2	nei	4-6	6	já	já	nei	nei	nei
Akureyri Hálönd	3	108	3	nei	10	10	já	já	já	gas	já
Fnjóskadalur Illugastaðir	2	45	2	nei	8	8	já	nei	já	gas	já
Aðaldalur m/svefnlofti	5	45	2	já	6-8	8	já	nei	nei	gas	nei
Aðaldalur	1	46	2	nei	4-6	7	já	nei	nei	gas	nei

Skiptidagar eru föstudagar. Gæludýr eru velkomin í Brautarhvammi og einu húsi í Hálöndum.



BLÖNDUÓS BRAUTARHVAMMUR

Tvö hús eru í boði nr. 28 og 29.
Gæludýr eru velkomin.

- *Leigutími: 8/6 – 31/8 2018*
- *Vikudvöl: kr. 32.700*



HÓLAR Í HJALTADAL

Í boði eru tvær íbúðir, önnur er tveggja herbergja en hin þriggja.

- *Leigutími: 15/6 – 24/8 2018*
- *Vikudvöl: Minni íbúðin er á kr. 29.200 en stærri kr. 36.700*



HRAUN Í ÖXNADAL

Einbýlishús á þremur hæðum.

- *Leigutími: 16/6 – 31/8 2018*
- *Vikudvöl: kr. 36.700*



ÓLAFSFJÖRÐUR ÞVERÁ

Hús nr. 7. Í sólstofu er heitur pottur.

- *Leigutími: 8/6 – 31/8 2018*
- *Vikudvöl: kr. 36.700*



ÓLAFSFJÖRÐUR ÞVERÁ

Hús nr. 9.

- *Leigutími: 8/6 – 31/8 2018*
- *Vikudvöl: kr. 36.700*



SVARFAÐARDALUR LAUGASTEINN

Íbúðin er á efri hæð í tvíbýli. Stutt er í sundlaug.

- *Leigutími: 8/6 – 31/8 2018*
- *Vikudvöl: kr. 29.200*



HRÍSEY BERG

Einbýlishús. Á lóðinni eru sandkassi og rólur.

- *Leigutími: 8/6 – 6/7 og 20/7 – 31/8 2018*
- *Vikudvöl: kr. 36.700*



AKUREYRI HRAFNAGILSSTRÆTI 19

Íbúð á besta stað í bænum. Stutt í sundlaugina.

- *Leigutími er allt árið*
- *Vikudvöl: kr. 29.200*



AKUREYRI HÁLÖND

Þrjú orlofshús í Hálöndum (Hlíðarfjalli) ofan við Akureyri. Fallegt útsýni er úr húsunum yfir Akureyri og Eyjafjörð.

- *Leigutími: allt árið*
- *Vikudvöl: kr. 47.000*
- *Í Holtalandi 12 eru gæludýr velkomin*



FNJÓSKADALUR ILLUGASTAÐIR

Tvö hús, nr. 5 og 28. Á svæðinu er lítil verslun sem selur helstu nauðsynjar. Sundlaug, gufubað, leiktæki og minigolf er á svæðinu.

- *Leigutími: 8/6 – 31/8 2018*
- *Vikudvöl: kr. 29.200*



AÐALDALUR Í LANDI NÚPA

Húsin eru opnuð um leið og frost fer úr jörðu og hægt er að hleypa vatni á, sjá nánar á bókunarfef.

- *Leigutími: 1/6 – 31/8 2018*
- *Vikudvöl: kr. 29.200*



AUSTURLAND

Listi yfir búnað í orlofshúsum	Fjöldi húsa	m ²	Svefn-herb.	Svefn-loft	Svefn-pláss	Fjöldi sænga	Ör-bylgju-ofn	Upp-þvotta-vél	Þvotta-vél	Grill	Heitur pottur
Egilsstaðir Miðhús	4	70	3	já	6-8	8	já	já	nei	gas	já
Strandaháls Klifabotn	1	60	2	nei	8	8	nei	nei	nei	gas	já
Fljótsdalshérað Stórvík	2	56	2	nei	6	6	já	já	nei	gas	já

Skiptidagar eru föstudagar. Nettenging er í orlofshúsum í Miðhúsum en ekki í öðrum á svæðinu.



EGILSSTAÐIR MIÐHÚS

Fjögur hús, nr. 1-4.
Í stofu er arinofn. Við húsin er heitur pottur.

- *Leigutími allt árið*
- *Vikudvöl: kr. 29.200*



STRANDAHÁLS KLIFABOTN

Sumarhúsið er nr. 9 og er við
Strandaháls austan við Laxá í Lóni.

- *Leigutími: 8/6 – 31/8 2018*
- *Vikudvöl: kr. 29.200*



FLJÓTSDALSHÉRAÐ STÓRAVÍK

Tvö hús á fallegum stað við
Lagarfljót. Húsin eru nr. 4 og 5.

- *Leigutími: 8/6 – 31/8 2018*
- *Vikudvöl: kr. 40.700*

NÝTT

NÝJAR SAMÞYKKTIR ORLOFSSJÓÐS

Staðfestar á aðalfundi BHM 2017

Á fundi fulltrúaráðs Orlofssjóðs BHM, sem fram fór í maí 2016, voru afgreiddar nýjar samþykktir fyrir sjóðinn. Þær voru síðan staðfestar á aðalfundi BHM sl. vor. Þær leysa af hólmi skipulagsskrá sjóðsins sem gilt hefur frá árinu 2005. Samþykktirnar fela í sér ýmsar breytingar á ákvæðum skipulagsskrárinnar.

Fyrir það fyrsta hefur rekstrarformi sjóðsins verið breytt miðað við orðalag skipulagsskrárinnar en í raun verður rekstrarformið þó óbreytt. Til að skýra þetta nánar var í 1. mgr. 3. gr. skipulagsskrárinnar kveðið á um að OBHM væri sjálfseignarstofnun. Sjóðurinn hefur þó í reynd ekki verið rekinn sem sjálfseignarstofnun heldur sem almennt ófjárhagslegt félag eða bundinn sjóður stéttarfélaga. Í nýju samþykktunum hefur fyrrnefnt ákvæði 1. mgr. 3. gr. skipulagsskrárinnar verið felld brott og um leið er heiti grunnreglna sjóðsins breytt úr „skipulagsskrá“,

sem einkum er notað um grunnreglur sjálfseignarstofnana, í „samþykktir“.

Aðrar helstu breytingar eru eftirfarandi:

- Kveðið er skýrar en áður á um það hverjir teljast til sjóðfélaga og njóta réttinda í sjóðnum, þ.e. rétt til úthlutunar gæða úr honum (1. og 8 gr.).
- Ákvæði um hlutverk sjóðsins eru skýrari en áður voru og geta verkefni nú verið fjölbreyttari en aðeins það að reka og leigja út orlofshús (2. gr.).
- Sett hefur verið inn ákvæði um tekjur sjóðsins en áður var ekki sérstaklega fjallað um hvaðan tekjur hans koma (3. gr.).
- Sett hefur verið inn ákvæði um kæruleið ef ágreiningur rís um réttindi í sjóðnum eða afgreiðslu hans en slíkt ákvæði var ekki í skipulagsskránni (10. gr.).



SUÐURLAND

Listi yfir búnað í orlofshúsum	Fjöldi húsa	m ²	Svefn-herb.	Svefn-loft	Svefn-pláss	Fjöldi sænga	Örbylgju-ofn	Uppþvottavél	Þvottavél	Grill	Heitur pottur
Brekkuskógur A1	5	46	2	já	4-6	4-6	já	já	nei	gas	já
Brekkuskógur A2 nýuppg.	4	46	1	já	4-5	6	já	já	Í þjónustumiðstöð	gas	já
Brekkuskógur A4	3	46	2	já	4-6	6	já	já		gas	já
Brekkuskógur A4 nýuppg.	2	46	1	já	4-5	6	já	já		gas	já
Brekkuskógur B1	1	75	3	nei	6-8	8	já	já		gas	já
Brekkusk. B2, f/hreyfih.	1	75	2	nei	4-8	8	já	já		gas	já
Brekkuskógur C	5	50	2	já	4-8	6	já	já		gas	já
Brekkuskógur C stærra	1	60	2	já	4-8	6	já	já		gas	já
Brekkuskógur F og F4	2	95	3	nei	8	8	já	já		gas	já
Brekkuskógur D	1	120	3	já	8-10	10	já	já	já	gas	já
Brekkuskógur E	2	95	3	nei	8	8	já	já	já	gas	já
Úthlíð	1	55	3	nei	6	6	nei	nei	nei	gas	já
Vestm.eyjar Heiðarvegur 20	1	55	1	nei	4-6	6	nei	nei	já	gas	nei
Vestm.eyjar Skólavegur 41	1	107	3	nei	6-8	8	já	nei	já	gas	nei
Flúðir	1	53	3	nei	6	6	nei	já	nei	gas	já
Apavatn	1	109	3	já	10	10	já	Já	já	gas	já

Skiptidagar eru föstudagar nema í Vestmannaeyjum fimmtudagar. Frí nettenging er í þjónustumiðstöð í Brekkuskógi en greiða þarf fyrir netaðgang í orlofshúsum í Brekkuskógi. Í Brekkuskógi eru þvottavélar í D og E húsum og í þjónustumiðstöð. Í D húsinu er einnig þurrskápur. Gæludýr velkomin í A4 og F4 húsin í Brekkuskógi og á Apavatni.



BREKKUSKÓGUR — ORLOFSPARADÍS BHM

Fyrstu orlofshús sjóðsins voru byggð í Brekkuskógi, á eignarlandi sjóðsins, árið 1977. Síðan þá hefur uppbygging á svæðinu verið jöfn og stígandi og nú hefur myndast lítið þorp orlofshúsa á svæðinu.

Það er ekki að ástæðulausu sem Biskupstungurnar eru á meðal vinsælustu orlofsdvalarsvæða á landinu. Svæðið hefur upp á margt að bjóða, s.s. fallega náttúru og fjölbreytta afþreyingarmöguleika.

Stutt er úr Biskupstungum yfir í byggðakjarnann við Laugarvatn og raunar má segja að stutt sé úr Biskupstungum um allt Suðurland þar sem margar af helstu náttúruperlum landsins er að finna. Í Árnessýslu er jafnframt umfangsmikil þjónusta við ferðamenn og því af nógu að taka fyrir þá sem dvelja í orlofshúsunum í Brekkuskógi og vilja leita sér afþreyingar í nágrenninu.

Ofarlega í byggðinni er þjónustumiðstöðin fyrir orlofs gesti OBHM og nefnist hún Brekkuþing. Í forstofu Brekkuþings er salernisaðstaða og þvottavél til afnota og gengur lykill að orlofshúsi að þeim rýmum. Setustofa með sjónvarpi (Stöð 2), dvd-spilara, litlu bókasafni og spilum til sameiginlegra afnota fyrir gesti.

Í salnum er einnig að finna borðtennisborð og fótboltaspil. Hægt er að fá lánaða bolta, minigolfkylfur og kúlur sem gestir eru ábyrgir fyrir og skila eftir notkun. Til að leigja salinn í Brekkuþingi þarf að hafa samband við

þjónustuver BHM. Lítil barnaleikvöllur er skammt frá, hoppidýna og aðstaða til að spila minigolf.

Laugabrekka er baðhús við hlið Brekkuþings og gengur lykill að orlofshúsi að aðstöðunni. Þar er að finna gufubað, sturtur og heita potta. Gestir sjá sjálfir um að kveikja og slökkva á gufubaðinu. Gufubaðið er opið allt árið frá kl. 10:00-22:00 en heitu pottarnir eru aðeins opnir á sumrin.

Gestir geta keypt aðgang að Stöð 2 meðan á dvöl sinni stendur, sjá nánari upplýsingar í orlofshúsi eða á vef sjóðsins.

Í þjónustumiðstöð er boðið upp á fría nettengingu en í orlofshúsunum í Brekkuskógi þarf að greiða fyrir aðgang.







BREKKUSKÓGUR A1

Húsin eru nr. 5-8, 12-13 og 16.

- *Leigutími er allt árið*
- *Vikudvöl: kr. 23.500*



BREKKUSKÓGUR A2 OG A4

Húsin eru nýuppgerð og eru nr. 1-4, 9-11, 14, 15 og 17. Í A4 húsinu eru gæludýr velkomin.

- *Leigutími er allt árið*
- *Vikudvöl: kr. 29.200*



BREKKUSKÓGUR B1 OG B2

Húsin eru nr. 22-24. Hús nr. 23 er með góðu aðgengi fyrir fatlaða og hafa þeir forgang að húsinu við úthlutun.

- *Leigutími er allt árið*
- *Vikudvöl: kr. 29.200*



BREKKUSKÓGUR C

Húsin eru nr. 25-30.

- *Leigutími er allt árið*
- *Vikudvöl: kr. 29.200*



BREKKUSKÓGUR C STÆRRA

Hús nr. 40.

- *Leigutími er allt árið*
- *Vikudvöl: kr. 29.200*



BREKKUSKÓGUR D

Hús nr. 41.

- *Leigutími er allt árið*
- *Vikudvöl: kr. 47.000*



BREKKUSKÓGUR E

Húsin eru nr. 18 og 19.

- *Leigutími er allt árið*
- *Vikudvöl: kr. 40.700*



BREKKUSKÓGUR F og F4

Húsin eru nr. 37 (F4) og 38 (F). Í hús nr. 37 (F4) eru gæludýr velkomin.

- *Leigutími er allt árið*
- *Vikudvöl: kr. 40.700*



ÚTHLÍÐ GUÐJÓNSGATA 11

- *Leigutími:* 8/6 – 31/8 2018
- *Vikudvöl:* kr. 29.200



VESTMANNAEYJAR HEIÐARVEGUR 20

Íbúð á jarðhæð.

- *Leigutími:* 7/6 – 2/8 og
9/8 – 30/8 2018
- *Vikudvöl:* kr. 29.200



NÝTT

VESTMANNAEYJAR SKÓLAVEGUR 41

Einbýlishús á einni hæð.

- *Leigutími:* 6/6 – 13/6,
20/6 – 27/6,
4/7 – 1/8,
8/8 – 5/9 2018
- *Vikudvöl:* kr. 40.700



FLÚÐIR ÁSABYGGÐ

Hús nr. 37.

- *Leigutími:* 8/6 – 31/8 2018
- *Vikudvöl:* kr. 29.200



APAVATN

Árabátur fylgir húsinu.

- *Leigutími:* 15/6 – 3/8 og
10/8 – 31/8 2018
- *Vikudvöl:* kr. 47.000



HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

Listi yfir búnað í orlofshúsum	Fjöldi húsa	m ²	Svefn-herb.	Svefn-loft	Svefn-pláss	Fjöldi sænga	Ör-bylgju-ofn	Upp-þvotta-vél	Þvotta-vél	Grill	Heitur pottur
Reykjavík Álagrandi 8	1	62	1	nei	4	4	já	já	nei	gas	nei
Reykjavík Flyðrugrandi 10	1	68	2	nei	4-6	5	já	já	nei	gas	nei
Reykjavík Neðstaleiti 8	1	60	1	nei	4	4	já	já	nei	gas	nei
Reykjavík Gvendargeisli 80	1	105	2	nei	6-8	8	já	já	já	gas	nei

Skiptidagar eru föstudagar. Netaðgangur er í öllum orlofsíbúðum á svæðinu.



REYKJAVÍK NEÐSTALEITI 8

Íbúðin er á 1. hæð í fjölbýlishúsi skammt frá Borgarleikhúsinu og Kringlunni.

- *Leigutími er allt árið*
- *Vikudvöl: kr. 29.200*



REYKJAVÍK ÁLAGRANDI 8

Íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi.

- *Leigutími er allt árið*
- *Vikudvöl: kr. 29.200*



REYKJAVÍK FLYÐRUGRANDI 10

Íbúð á 2. hæð í fjölbýlishúsi.

- *Leigutími er allt árið*
- *Vikudvöl: kr. 29.200*



NÝTT

REYKJAVÍK GVENDARGEISLI 80

Íbúðin er á 1. hæð.
Gott aðengi fyrir hjólastóla.

- *Leigutími: 4/5 – 28/9 2018*
- *Vikudvöl: kr. 40.700*



ÚTLÖND

Listi yfir búnað í orlofshúsum	m ²	Svefn-herb.	Svefn-loft	Svefn-pláss	Fjöldi sænga	Ör-bylgju-ofn	Upp-þvotta-vél	Þvotta-vél	Grill	Skipti-dagur
Ordrup Danmörku	118	3	nei	8	8	já	já	já	nei	föstud.
Ringsted Danmörku	220	4	já	8-10	10	já	já	já	já	föstud.
Myllan Frakklandi	350	8	3 hæðir	12	12	já	já	já	nei	laugard.
Lückendorf Þýskaland	500	6	3 hæðir	12	12	já	já	já	já	þriðjud.
Ailingen Þýskaland	65	2	nei	4-5	4	nei	nei	nei	nei	laugard.
Las Mimosas Spáni	56	2	nei	4-6	6	nei	nei	já	nei	fimmtud.
Torrevieja Spáni	60	2	nei	6	6	já	já	já	nei	fimmtud.

Í Ordrup og Ringsted í Danmörku og Lückendorf í Þýskalandi eru gasgrill en kolagrill er í Myllunni í Frakklandi. Barnarúm og stólar eru í öllum húsum sem og útvarp og sjónvarp.

DANMÖRK ORDRUP – NISSESTIEN 16

Sumarhúsið er 118 m² og í um 50 mínuta fjarlægð frá Kaupmannahöfn, í rólegu hverfi við lítinn bæ sem heitir Ordrup. Það er 2 km frá einni bestu baðströnd í Danmörku, alveg við einn stærsta golfvöll á Norður-Sjálandi (Dragsholm Golfklub) og Sommerland Sjælland skemmtigarðurinn er í 15 mín fjarlægð.

- *Leigutími:* 19/5 – 22/9 2018
- *Vikudvöl:* kr. 74.500



DANMÖRK RINGSTED – ØVEJ 10

Nýuppgert 220 m² hús með fjórum svefnherbergjum með tvíbreiðum rúmum og svefnloft með tveimur dýnum. Tvö baðherbergi eru í húsinu. Stórt eldhús með öllum þægindum og stór stofa með sjónvarpi, dvd-spilara og þráðlausu neti. Húsið er miðsvæðis á Sjálandi.

- *Leigutími:* 9/6 – 1/9 2018
- *Vikudvöl:* kr. 114.000



SPÁNN TORREVIEJA – CALLE SAN POLICARPO 87

NÝTT

60 m² þriggja herbergja íbúð miðsvæðis í Torrevieja á Alicante með svölum og gistiðstöðu fyrir 6 manns. Í hjónaherbergi er tvíbreitt rúm, tvö 90 cm breið rúm í aukaherbergi og svefnsófi fyrir tvo í stofu. Barnarúm og barnastóll fylgja. Aðgangur er að sameiginlegri sundlaug og þaksvölum með góðri aðstöðu til sólbaða. Stutt er í verslunarmiðstöð, á ströndina og í miðbæinn. Íbúðin er búin húsgögnum og ýmsum öðrum búnaði, m.a. borðbúnaði, eldhústækjum, flatskjá, DVD-spilara, þvottavél og loftkælingu. Sængur og koddar fyrir 6 manns og þrif eru innifalin í verði.

- *Leigutími:* 24/5 – 7/9 2018
- *Vikudvöl:* kr. 36.700



ÞÝSKALAND VILLA LÜCKENDORF

Villa Lückendorf var byggð á uppgangstímum um aldamótin 1900. Ekkert var til sparað hvorki í efnisvali, skreytingum né vinnu og ber húsið vitni um það hvar sem á er litið.

Í *Villa Lückendorf* er rúm fyrir 12 manns í sjö herbergjum. Kringum húsið er 8000 m² skrudgarður með listaverkum frá aldamótunum, danspallur, eldstæði og púttvöllur, foss, gosbrunnur, tjörn og göngustígar.



Villan stendur í jaðri þorpsins Lückendorf þar sem um 600 manns búa. Þorpið er mjög gamalt og liggur við landamæri Tékklands en í göngufæri er næsta þorp handan landamæranna þar sem eru ölstofur og veitingahús.

Um 10 mínútna akstur er á baðströnd og 500 m gangur að tennisvöllum og golfvöllur er í nágrenninu. Í fjöllunum og hæðunum í kring, sem eru að mestu skógivaxin eru samtals 80 km langar göngu-/hjólaleiðir, vinsælir klifurklettur og fjölbreytt dýralíf. Fjöldi antíkmarkaða er í næstu borgum og stærsti flóamarkaður Póllands er í 40 mínútna akstursfjarlægð.

- *Leigutími: 22/5 – 25/9 2018*
- *Vikudvöl: kr. 135.000*

ÞÝSKALAND BODENSE-AILINGEN

Íbúðin við Goldparmänenweg 9 er í 5 km fjarlægð frá flugvelli í Friedrichshafen í Ailingen. Íbúðin er í göngufjarlægð frá verslun og matsölustað. Íbúðin er 65 m² með tveimur svefnherbergjum, bæði með tvöföldum rúmum. Svefnaðstaða er fyrir annað hvort fjóra fullorðna eða tvo fullorðna og þrjú börn. Úr stofu er gengið út á svalir. Tvö baðherbergi eru í íbúðinni annað er með sturtu. Lín og handklæði fyrir fjóra fylgja leigunni.



- *Leigutími: 9/6 – 25/8 2018*
- *Vikudvöl: kr. 58.000*

FRAKKLAND MYLLAN Í COMMISSSEY

Myllan í Commissey er í námunda við vínreктarhéraðið Chablis, sem er í tveggja tíma akstursfjarlægð frá París í norðurhluta Búrgundíhéraðs í útjaðri smábæjarins Commissey og liggur landareign hennar að akurlendi. Mikil kyrrð er á svæðinu en samt sem áður er stutt í helstu þjónustu.



Búrgundi er yfirleitt lýst sem vöggju véns- og matar-menningar í Frakklandi. Commissey liggur í nokkurra kílómetra fjarlægð frá vínhéruðunum Chablis og Irancy, en um klukkutíma akstur er til vínhéraðanna við Beaune, Côte d'Or, Sancerre og Champagne.

Íbúðarhúsið er 330 m² með átta rúmgóðum svefnherbergjum, tvær stofur og er önnur þeirra 65 m² á jarðhæð og er hún jafnframt borðstofa. Einnig er 45 m² stofa á annarri hæðinni og er útgengt þaðan á yfirbyggða verönd. Útveggir hússins eru mjög þykkir sem kemur í veg fyrir að húsið hitni of mikið á sumrin eða kólni of mikið á veturna. Í Myllunni er gistirými fyrir 12.

Góð afþreying er fyrir börn á svæðinu. Þar geta þau leikið sér við uppistöðulónið við Mylluna og vinsælt er á sumrin að hoppa út í Armannsonsána sem er í 200 metra fjarlægð frá húsinu. Hægt er að spila borðtennis og körfubolta í skemmu sem fylgir Myllunni. Meðfram Búrgundi-skipaskurðinum eru yndislegar göngu-, hlaupa- og hjólréiðaleiðir innan um fallega og blómlega akra. Stutt er í golfvöll, tennisvelli, körfuboltavöll og fótoltavöll. Tveggja tíma akstur er í ýmsa skemmtigarða svo sem Disneyland og Nigloland. Í um 50 kílómetra fjarlægð er Morvan-þjóðgarðurinn sem er náttúruperla. Í Morvan er mikið af söfnum og fjölbreyttri afþreyingu og þar er m.a. hægt að leigja hesta. Auk þess sem hjólaleiga er í nágrenninu.

• *Leigutími: 26/5 – 8/9 2018*

Leigjandi hefur húsið frá kl. 18:00 á laugardegi til kl. 9:00 á laugardegi viku síðar

• *Vikudvöl: kr. 135.000*

SPÁNN LAS MIMOSAS

Aloe íbúð nr. 60 við Calle Del Zorro er innan við 100 km frá Alicante. Íbúðin er á 2. hæð og er 56 m² og með gistiðstöðu fyrir fjóra til sex. Út frá stofu eru svalir með garðhúsgögnum auk þess eru 45 m² svalir með garðhúsgögnum, grilli og tveimur legubekkjum á þaki hússins. Loftkæling er í íbúðinni. Á útisvæði er stór sameiginleg sundlaug. Sængurfatnaður, borðklútar og handklæði eru innifalin í verði. Umsjónarmaður hússins tekur að sér að þvo þvott og þrif á íbúð fyrir gesti gegn gjaldi.



• *Leigutími: 31/5 – 30/8 2018*

• *Vikudvöl: kr. 36.700*

AÐBÚNAÐUR

Vesturland

Vestfirðir

Norðurland

Austurland

NYTT

NYTT

NYTT

NYTT

Listi yfir búnað í orlofshúsum	Fjöldi húsa	m ²	Svefn-herb.	Svefn-loft	Svefn-pláss ²	Fjöldi sænga	Ör-bylgju-ofn	Upp-þvotta-vél	Þvotta-vél	Grill	Heitur pottur	Net	Gælu-dýr	Skipti-dagur	Verð
Hvalfjarðarsv. Hafnarás 5	1	94	3	nei	6-8	8	já	nei	nei	gas	nei	nei	nei	föstud.	29.200
Hreðavatn v/Bifröst	4	52	3	nei	6-8	6	já	já	nei	gas	já	já	nei	föstud.	29.200
Hreðavatn v/Bifröst nr. 22	1	52	3	nei	6-8	6	já	já	nei	gas	já	já	já	föstud.	29.200
Hreðavatn v/Bifröst nr. 10	1	89	3	nei	8	8	Já	já	nei	gas	já	já	já	föstud.	40.700
Stykkish. Laufásvegur 21	1	67	3	2 hæðir	7	7	já	já	nei	gas	já	nei	nei	föstud.	36.700
Stykkish. Reitarvegur 2	1	65	2	nei	6-8	8	já	nei	já	kola	nei	nei	já	föstud.	36.700
Barðaströnd Flókalundur	1	42	2	nei	6-7	6	já	nei	nei	gas	nei	já	nei	föstud.	29.200
Þingeyri Aðalstræti 22	1	110	3	2 hæðir	6	6	nei	nei	já	kola	nei	nei	nei	föstud.	36.700
Þingeyri Vallargata 18	1	98	2	nei	4-6	8	já	nei	já	kola	nei	nei	nei	föstud.	36.700
Dýrafjörður Ketilseyri	1	158	4	nei	8	8	já	já	já	gas	nei	nei	nei	föstud.	36.700
Súðavík Túngata 14	1	122	4	nei	8	8	nei	já	já	gas	já	nei	nei	föstud.	36.700
Hólmavík Höfðagata 13	1	115	4	2 hæðir	10-12	12	já	nei	já	gas	nei	nei	nei	föstud.	40.700
Tálknafl. Kirkjubraut 4 og 6	2	78	3	já	57	7	já	já	nei	gas	nei	nei	nei	föstud.	40.700
Blönduós	2	56	2	nei	6-8	8	já	nei	já ¹	gas	já	nei	já	föstud.	32.700
Hólar í Hjaltadal	1	98	3	nei	7	7	nei	nei	nei	kola	nei	nei	nei	föstud.	36.700
Hólar í Hjaltadal	1	78	2	nei	4-6	6	nei	nei	nei	nei	nei	nei	nei	föstud.	29.200
Hraun í Öxnadal	1	115	3	já	6-8	8	nei	já	já	kola	nei	já	nei	föstud.	40.700
Ólafsfjörður Þverá nr. 9	1	100	2	nei	6-8	6	já	nei	nei	gas	já	nei	nei	föstud.	36.700
Ólafsfjörður Þverá nr. 7	1	60	2	nei	8	8	já	nei	nei	gas	já	nei	nei	föstud.	36.700
Svarfaðard. Laugarsteinn	1	110	3	nei	6-8	6	já	já	já	gas	nei	já	nei	föstud.	29.200
Hrísey Berg	1	86	3	nei	8	8	já	já	nei	gas	nei	nei	nei	föstud.	36.700
Akureyri Hrafnagilsstræti	1	83	2	nei	4-6	6	já	já	nei	nei	nei	já	nei	föstud.	29.200
Akureyri Hálönd	2	108	3	nei	10	10	já	já	já	gas	já	já	nei	föstud.	47.000
Akureyri Hálönd – Gælu-d.	1	108	3	nei	10	10	já	já	já	gas	já	já	já	föstud.	47.000
Fnjóksdalur Illugastaðir	2	45	2	nei	8	8	já	nei	já ¹	gas	já	nei	nei	föstud.	29.200
Aðaldalur m/svefnlofti	5	45	2	já	6-8	8	já	nei	nei	gas	nei	nei	nei	föstud.	29.200
Aðaldalur	1	46	2	nei	4-6	7	já	nei	nei	gas	nei	nei	nei	föstud.	29.200
Egilsstaðir Miðhús	4	70	3	já	6-8	8	já	já	nei	gas	já	já	nei	föstud.	29.200
Strandaháls Klifabotn	1	60	3	nei	8	8	nei	nei	nei	gas	já	nei	nei	föstud.	29.200
Fljótsdalshérað Stórávik	2	60	2	nei	6	6	já	já	nei	gas	já	já	nei	föstud.	40.700

Listi yfir búnað í orlofshúsum	Fjöldi húsa	m ²	Svefn-herb.	Svefn-loft	Svefn-pláss ²	Fjöldi sænga	Ör-bylgju-ofn	Upp-þvotta-vél	Þvotta-vél	Grill	Heitur pottur	Net	Gælu-dýr	Skipti-dagur	Verð
Brekkuskógur A1	5	46	2	já	4-6	6	já	já	já ¹	gas	já		já	föstud.	23.500
Brekkuskógur A2 uppgerð	4	46	1	já	4-5	6	já	já	já ¹	gas	já		nei	föstud.	29.200
Brekkuskógur A4	3	46	2	já	4-6	6	já	já	já ¹	gas	já		nei	föstud.	23.500
Brekkuskógur A4 uppgerð	2	46	1	já	4-5	6	já	já	já ¹	gas	já		já	föstud.	29.200
Brekkuskógur B1	2	75	3	nei	6-8	8	já	já	já ¹	gas	já		nei	föstud.	29.200
Brekkusk. B2 f/hreyfiba.	1	75	2	nei	4-8	8	já	já	já ¹	gas	já	já ³	nei	föstud.	29.200
Brekkuskógur C	5	50	2	já	4-8	6	já	já	já ¹	gas	já		nei	föstud.	29.200
Brekkuskógur C stærra	1	60	2	já	4-8	6	já	já	já ¹	gas	já		nei	föstud.	29.200
Brekkuskógur D stórt	1	120	3	já	8-10	10	já	já	já	gas	já		nei	föstud.	47.000
Brekkuskógur E	2	95	3	nei	8	8	já	já	já	gas	já		nei	föstud.	40.700
Brekkuskógur F og F4	2	95	3	nei	8	8	já	já	já	gas	já		nei	föstud.	40.700
Úthlíð	1	55	3	nei	6	6	nei	nei	nei	gas	já	nei	nei	föstud.	29.200
Vestm.eyjar Heiðarvegur 20	1	55	1	nei	4-6	6	nei	nei	já	gas	nei	nei	nei	fimmtud.	29.200
NÝTT Vestm.eyjar Skólavegur 41	1	107	3	nei	8	8	já	nei	já	gas	nei	nei	nei	fimmtud.	40.700
Flúðir	1	53	3	nei	6	6	nei	já	nei	gas	já	nei	nei	föstud.	29.200
Apavatn	1	109	3	já	10	10	já	já	já	gas	já	nei	já	föstud.	47.000
Reykjavík Álagrandi 8	1	62	1	nei	4	4	já	já	nei	gas	nei	já	nei	föstud.	29.200
Reykjavík Flyðrugrandi 10	1	68	2	nei	4-6	5	já	já	nei	gas	nei	já	nei	föstud.	29.200
Reykjavík Neðstaleiti 8	1	60	1	nei	4	4	já	já	nei	gas	nei	já	nei	föstud.	29.200
NÝTT Reykjavík Gvendargeisli 80	1	105	2	nei	6	6	já	já	já	gas	nei	já	nei	föstud.	40.700

¹ Í þjónustumiðstöð.² Svefnpláss 5-7 = Fimm í rúmi og tveir á dýnum.³ Í þjónustumiðstöð er boðið upp á frjá nettengingu en í orlofshúsum í Brekkuskógi þarf að greiða fyrir aðgang.

Háhraða 4G netsamband í orlofshúsinu

Vodafone hefur sett upp öflugra 4G netbeina í fjölmörgum orlofshúsum BHM, sem koma þér í háhraða netsamband á meðan á dvöl þinni stendur. Þar getur þú keypt gagnamagn sem hentar þinni notkun.

Þú finnur nánari upplýsingar um 4G þjónustusvæði og netbúnað Vodafone á vodafone.is

Framtíðin er spennandi.

Ertu til?

 **vodafone**





LSR

Lífeyrisréttindin þín

Þekkir þú réttindi þín hjá **LSR**?

- Ellilífeyrir ævilangt
- Örorkulífeyrir komi til tekjutaps vegna sjúkdóms eða slyss
- Maka- og barnalífeyrir
- Viðbótarlífeyrissparnaður

Vertu velkomin(n) í ráðgjöf
um lífeyrismál.



LSR

Lífeyrissjóður
starfsmanna ríkisins

Engjateigi 11
105 Reykjavík
Sími: 510 6100
lsr@lsr.is

www.lsr.is